

FUNDARGERÐ

145. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps.

Fundarstaður: Grunnskóli Mýrdalshrepps.

Fundartími: Þriðjudagur 16. október 2007 kl. 16:00.

Mættir: Undirritaðir aðal- og varamenn fræðslunefndar ásamt áheyrnarfulltrúum.

Ritari fundarins: Inger Schiöth

Formaður, Björgvin Jóhannesson setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

1. **Haustskýrsla 2007**

Samkvæmt haustskýrslu eru 27 börn skráð á leikskólann þann 1. október, 17 í 8 tíma vistun, 6 í 7 tíma vistun og 4 í 4 tíma vistun. Fjögur börn eru í vistun 3 daga vikunnar, fjögur 4 daga og 19 börn eru í vistun 5 daga vikunnar. Engar umsóknir eru fyrirbyggjandi. Fimm starfsmenn eru við leikskólann í 4,5 stöðum, einn í fæðingarorlofi og einn í veikindaleyfi.

Skólinn er undirmannaður sem nemur hálfri stöðu og ekki hafa verið viðbrögð við auglýsingum. Einn starfsmaður mun hætta 1. nóvember og finnst ekki starfsmaður gæti þurft að segja upp nokkrum plássum barna á yngri deild.

Fræðslunefnd samþykkir haustskýrslu.

Starfsfólk leikskóla og fræðslunefnd leggjast á eitt með að finna viðunandi úrræði til að ekki þurfi að koma til þess að segja þurfi upp plássum á leikskólanum.

2. **Bréf leikskólastjóra varðandi umsókn um vistun**

Fyrir liggur tillaga leikskólastjóra að umsóknareyðublaði fyrir vistun á leikskólanum. Samþykkt.

3. **Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007**

Samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður leikskólans verði um 20,1 m.kr. eða um 1,6 m.kr. hærri en gildandi áætlun. Þetta er að mestu vegna aukinnar aðsóknar og fjölgunar stöðugilda.

Samþykkt.

4. **Skóladagatal 2007-2008**

Fyrir liggur skóladagatal leikskólans 2007-2008.

Samþykkt

5. **Önnur mál.**

Halla Ólafsdóttir upplýsti nefndina um að samstarf væri hafið með Tónskóla Mýrdalshrepps fyrir elsta árganginn í leikskólanum fram til 1. desember 2007.

Fræðslunefnd fagnar samstarfinu.

Aðalheiður og Halla yfirgefa fundinn.

II. **Tónskólinn**

Á fundinn er mættur Kristinn Jóhann Níelsson tónskólastjóri.

1. **Haustskýrsla 2007**

Kristinn lagði fram drög að haustskýrslu.

Fjöldi nemenda á haustönn er 59. Fræðslunefnd lýsir ánægju sinni með aukna ásókn í tónskólann.

2. **Tillaga að breyttri gjaldskrá**

Fyrir liggur tillaga um breytingar á fyrirbyggjandi gjaldskrá tónskólans fyrir haustönn 2007 þannig að veittur verði 20% afsláttur frá skólagjaldi ef 2 nemendur eru saman í tíma og 30%

afsláttur ef 3 nemendur eru saman í tíma.

Samþykkt.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007

Samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður tónskólans verði um 8,6 m.kr. eða um 150 þ.kr. hærri en gildandi áætlun.

Samþykkt.

4. Önnur mál.

Kristinn greinir frá þróunarverkefni sem hafið er við Leikskólann eins og kemur fram í bókun skv. 5.lið Leikskólans.

Kristinn yfirgefur fundinn.

III. Grunnskólinn

Á fundinn eru mætt Kolbrún Hjörleifsdóttir skólastjóri og Símon Þór Waagfjörð kom í forföllum Victoriu Jonsson sem fulltrúi kennara.

1. Haustskýrsla 2007

Lögð eru fram drög að haustskýrslu. Stefnt er að því að endanleg haustskýrsla liggi fyrir næsta fundi.

2. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007

Samkvæmt endurskoðaðri fjárhagsáætlun ársins er gert ráð fyrir að rekstrarkostnaður grunnskólans verði um 86,3 m.kr. eða um 800 þ.kr. hærri en gildandi áætlun.

Hluti ástæðunnar er að ekki ert gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun 665.200 kr. vegna félagsstarfa og ferðalaga til áramóta, einnig er forfallakennsla hærri en gert er ráð fyrir.

Samþykkt.

3. Bréf menntamálaráðuneytis dags. 19. september 2007

Með bréfinu er tilkynnt að menntamálaráðherra hafi ákveðið að gefa lesblindum nemendum kost á að sleppa lesskilningshluta íslenskuprófs í samræmdum prófum 4. og 7. bekkjar haustið 2007 telji foreldrar og viðkomandi kennarar þörf á.

Lagt fram til kynningar.

4. Orðsending menntamálaráðuneytis dags. 21. september 2007

Í orðsendingunni kemur fram það mat ráðuneytisins að líta verði svo á að allt skyldunám í grunnskólum eigi að vera nemendum að kostnaðarlausu, þar með talin ferðalög sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda.

Lagt fram til kynningar.

5. Önnur mál

Kolbrún og Símon yfirgefa fundinn.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl: 18:30

Inger Schiöth

Björgvin Jóhannesson
Formaður

Bergþóra Ástþórsdóttir

Guðný Sigurðardóttir

Andrína Guðrún
Erlingsdóttir